



23. árgangur 4. tbl. Apríl 2024

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir
A.b.m: Asta Stefánsdóttir



Bláskógabyggð

Opnunartími gámastöðvanna

	Heiðarbær	Lindarskógar	Vegholt
Mánudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Þriðjudagur	10:00 - 12:00	Lokað	14:00 - 17:00
Miðvikudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Fimmtudagur	14:00 - 16:00	10:00 - 13:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	14:00 - 17:00	10:00 - 13:00
Laugardagur	10:00 - 12:00	13:00 - 15:00	16:00 - 18:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þarláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum þremur gámastöðvunum.



Miðfellshlaupið verður haldið 1. júní og er verkefni sem er hugsað til að hvetja til almennrar hreyfingar og heilsueflingar. Hlaupið er unnið í samstarfi við Heilsueflandi Uppsveitir og opið öllum.

Boðið verður upp á þessar vegalengdir:

- 1.2 km (99% malbik)
- 3 km. (ganga/skókk)
- 5 km. (ganga/skókk/hlaup, byrjar í Miðfellshverfinu, skutl verður í boði)
- 10 km. (skókk/hlaup, byrjar við íþróttahúsið)

Hlaupið byrjar kl. 11 og liggur hlaupaleiðin á milli íþróttahúss á Flúðum og Miðfellshverfisins, og fylgir reiðveg og malarveg meðfram Miðfelli að vestanverðu.

Það verður ekki rásnúmer eða tímataka en það verður markklukka þar sem þátttakendur geta séð tíma sinn þegar í mark er komið. Vakinn er athygli á því að þátttökugjald er í formi greiðsluseðils í heimabanka eftir að hlaupi er lokið. Nánari upplýsingar má finna á fésbókarsíðunni: Heilsueflandi Uppsveitir og á heimasíðum sveitarfélaganna.

Í ár höfum við sem stöndum að Miðfellshlaupinu ákveðið að allur ágóði hlaupsins renni til vinnustofu VISS á Flúðum. VISS á Flúðum er sértækt þjónustuúrræði og jafnframt vinnustaður fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu frá 18 ára aldri þar sem veitt er hæfing, félagsþjálfun, starfsþjálfun og vernduð vinna. „Enginn getur allt en allir geta eitthvað“ er haft til hliðsjónar í öllum þáttum starfsins á VISS.

VISS hefur tekið virkan þátt í samfélagslega verkefnum þannig að eftir því er tekið. Þau hafa t.d verið með ratleik, "steinar sem gleðja" verkefnið, perlað fyrir Kraft og safnað fyrir góðum málefnum.



Oddvitapistill

Á síðustu dögum og vikum hafa nokkur útboð á vegum sveitarfélagsins verið opnuð. Búið er að opna tilboð í slátt í Reykholti og Laugarási. Það var fyrirtækið Fosshamar ehf sem átti lægsta tilboðið í verkið. Fosshamar er einnig með sláttinn á Laugarvatni. Útboðið er til þriggja ára. Búið er að bjóða út þriðja áfanga í gatnagerð í götuna Borgarrima í Reykholti. Níu tilboð bárust og lægsta tilboðið áttu Fögrusteinar ehf og verður samið við fyrirtækið um verkið. Fögrusteinar ehf. hafa einnig verið með aðra áfanga í gatnagerð á þessu byggingasvæði. Verklök eru 1. okt. nk. Þá er einnig búið að opna tilboð í endurnýjun fráveitunnar á Laugarvatni en um er að ræða þriðja áfanga. Sjö tilboð bárust í verkið en lægsta tilboðið átti Ketilbjörn ehf.

Þessa dagana er verið að undirbúa ýmis verk bæði stór og smá. Eitt af stærri verkefnum sumarsins eru malbikunarframkvæmdir en leggja á malbik ma á Skólatúnið og Traustatúnið á Laugarvatni og Borgar- og Tungurima í Reykholti. Eins á að endurnýja hluta Miðholtsins í Reykholti og leggja malbik að nýja húsnæði UTU á Laugarvatni. Fleiri verk er verið að undirbúa fyrir sumarið og svo eru önnur nú þegar farin af stað.

Búið er að bora eina hitastigulsholu og verið er að bora aðra holu í Reykholti. Þessar holur eru ca 100 metra djúpar og eiga að gefa upplýsingar um hvar álitlegast sé að bora vinnsluholu. Mjög mikilvægt er að afla meira heits vatns fyrir Reykholt til að anna allri þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað og framundan er. Vonast er til að með þessum tilraunaholum komi fram vísbendingar svo hægt sé að staðsetja vinnsluholu sem gefur mikla orku.

Fyrir nokkru skipaði sveitarstjórn vinnhóp vegna hönnunar og endurnýjunar sundlaugarinnar í Reykholti. Vinnuhópurinn skipa Anna Greta Ólafsdóttir, Guðrún S. Magnúsdóttir og Helgi Kjartansson. Sundlaugin í Reykholti var vígð árið 1976 og er því komin til ára sinna og er farin að láta verulega á sjá. Fyrir nokkrum árum var hafin undirbúningsvinna við endurnýjun laugarinnar ásamt búnings- og sturtuklefum. Þeirri vinnu lauk með endurnýjun á búnings- og sturtuklefum og vaktrými.

Vinnuhópurinn vill kynna tvær tillögur fyrir íbúum og fá viðbrögð við. Hægt er að sjá þessar tillögur á heimasíðu sveitarfélagsins. Þetta eru ekki endanlegar tillögur heldur tillögur sem vinna þarf betur með og rýna. Vinnuhópurinn hvetur íbúa til að skoða þessar tillögur mjög vel og koma með ábendingar. Ábendingar og viðbrögð berist á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is. Vinnuhópurinn verður með opið hús í Íþróttamiðstöðinni í Reykholti, miðvikudaginn 10. apríl nk. á milli kl. 16:00-17:30, þar verður hægt að rýna tillögurnar með vinnuhópnum og koma fram með ábendingar.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir nokkru að selja Íþróttamiðstöðina á Laugarvatni en upp komu raka- og mygluskemmdir og þurfi að loka starfsemi ungmennabúða UMFÍ í kjölfarið. Gert er ráð fyrir að húsið verði auglýst um miðjan apríl, vonast er til að góður aðili kaupi eignina og byggi upp góða og metnaðarfulla starfsemi hver sem hún nú verður.

Um þessar mundir er unnið að endurskoðun skólafestnu fyrir Bláskógabyggð. Stýrihópur á vegum sveitarfélagsins sem samanstendur af stjórnendum, kennurum, nemendum, foreldrum og fulltrúa úr sveitarstjórn halda utan um verkefnið ásamt ráðgjöfum. Ráðgjafar eru þau Ingvar Sigurgeirsson og Lilja M. Jónsdóttir. Við endurskoðun skólafestunnar er lögð áhersla á víðtækt samráð og munu Ingvar og Lilja funda með nemendum, starfsfólki skólanna og foreldrum.

Með kveðju,

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

M! MERKILEGT! SKILTAGERÐ

- Alhliða skiltagerð
- Hönnun og ráðgjöf
- Merkingar á fasteignir
- Bílamerkingar
- Gluggamerkingar
- Merkingar á fatnað ýmiskonar
- Límmiðaprentun

Merkilegt! · Útey 2 · Sími 791 4664

Bókasafn Reykholtsskóla

Bókasafnið í Reykholtsskóla
Opíð er fyrir almenning á þriðjudögum kl. 17-19.
Fyrir þá sem ekki komast á opnunartíma er velkomið að kíkja
við á skólatíma.



Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í maí 2024. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. maí 2024. Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000



Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.
Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.**

Blóðprufur eru teknar mánudaga - fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Kæru íbúar Bláskógabyggðar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfell 2a Hrunamannhrepp. Er með opið virka daga frá 8-16 eða eftir samkomulagi. Tímamantanir í síma 8676580

Hlakka til að sjá ykkur

Kær kveðja Adda Sigga löggildur fótaaðgerðafræðingur



SAMFÉLAGSVERKEFNI

Margar hendur vinna létt verk

Landsvirkjun vill vera góður granni og hefur því um margra ára skeið starfrækt öfluga sumarvinnuflokka ungs fólks.

Sumarið 2024 munu starfshópar frá okkur sinna fjölbreyttum verkefnum í nágrenni við aflstöðvar okkar.

Nágrannar aflstöðva Landsvirkjunar geta sótt um vinnuframlag og verkstjórn hjá *Margar hendur vinna létt verk* - meðal annars vegna verkefna sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og umhverfisbótum ásamt öðrum samfélagsverkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl.

Hægt er að sækja um á landsvirkjun.is/margarhendur

Hafðu samband ef þú ert nágrenni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.

Íþróttamiðstöðin í Reykholti Vetraropnun

14. ágúst 2023 – 17. maí 2024



Mánudaga 14:00 – 20:00

Þriðjudaga 14:00 – 22:00

Miðvikudaga 14:00 – 20:00

Fimmtudaga 14:00 – 22:00

Föstudaga 13:00 – 17:00

Laugardaga 10:00 – 18:00

Sunnudaga lokað

Sundlaug, heitur pottur, vaðlaug, vatnsrennibraut, kalt ker, þrek- og íþróttasalur. Opið er í tækjasal mánudaga til laugardaga frá 10:00 til lokunartíma sama dags.

The Sport Center in Reykholt Opening hours during winter

14. August 2023 - 17. May 2024



Mondays 14:00 – 20:00

Tuesdays 14:00 – 22:00

Wednesdays 14:00 – 20:00

Thursdays 14:00 – 22:00

Fridays 13:00 – 17:00

Saturdays 10:00 – 18:00

Swimming pool, hot and cold tubs, water slide, gym and a fitness room. The Fitness center opens at 10:00 every day except Sundays.

Bláskógabyggð er á Instagram



blaskogabyggd

Hægt er að hafa samband við hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða nota netspjallið vegna alls þess sem þér liggur á hjarta. Þar má fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi



Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: vidhald.drattur@gmail.com

Hrosshagi - 806

Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir Laugardalshólar.

Opnunartími verslunar er

Mán-miðvikudag	Lokað
fimmtudag	13-17
Föstudag	13-18
Laugardag	12-17
Sunnudag	Lokað

Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.

HÓLABÚÐIN



Garðahönnun og ráðgjöf

Vantar þig aðstoð með útfærslur í garðinum þínum? Kannski get ég komið og aðstoðað. Hef góða þekkingu á plöntum og eiginleikum þeirra. Möguleiki er að fá teiknað á staðnum. Ég er garðyrkjufræðingur og landslagsarkitekt B.Sc. að mennt og fær teiknari. Hlakka til að heyra frá ykkur og veita góð ráð.



Endilega hafið samband. **Ellisif M. Bjarnadóttir**

s:865-4393 eða netfang ellisifmb@gmail.com.



HEILSUEFLANDI
Uppsveitir
velliðan fyrir alla

LEIKFIMI FYRIR ÞIG

Opinn tími fyrir alla 60+ og aðra sem eru í endurhæfingu eða eru utan vinnumarkaðar. Tíminn er kl. 10 á mánudögum í íþróttahúsinu á Flúðum.

Leiðbeinandi: Gunnar Gunnarsson, íþrótt- og heilsufræðingur



Vinnuskóli 2024

Sem fyrr verður vinnuskóli Bláskógabyggðar með vinnustöðvar á tveimur stöðum, á Laugarvatni annars vegar og í Reykholti hinsvegar. Hann verður starfræktur frá byrjun júní til loka júlí. Réttindi til vinnu í vinnuskólanum eiga unglingar með lögheimili í Bláskógabyggð og eru fæddir á árunum 2008, 2009 og 2010. Nemendur geta sótt störf um við aðrar deildir sveitarfélagsins, svo sem leikskóla. Í þeim tilfellum er farið eftir fimmta og sjötta kafla reglugerðar um vinnu barna og unglunga varðandi vinnutíma. Umsókn um starf í vinnuskóla skal skila eigi síðar en sunnudag 12 maí nk.

Laun, án orlofs:

Börn fædd 2008	Börn fædd 2009	Börn fædd 2010
10. bekkur	9. bekkur	8. bekkur
1.348 kr/klst	1.078 kr/klst	808 kr/klst

Nánari upplýsingar um vinnuskólann veitir Kristófer Tómasson sviðsstjóri Framkvæmda- og veitusviðs. Netfang: kristofer@blaskogabyggd.is Sími 860-4440. Senda má eyðublað <https://www.blaskogabyggd.is/thjonusta/vinnuskoli/> á ofangreint netfang eða afhenda það á skrifstofu Bláskógabyggðar.

Nafn nemanda	Kennitala
Nafn forráðamanns	Sími
Heimilsfang	Póstnr
Launauppl nemanda Banki: ____ höfuðb: __ reikningsnr: ____	

Forráðamenn þurfa að skrá unglinginn sinn í Vinnuskólann.

Athugið að við skráningu þarf nemandi að eiga bankareikning sem stofnaður er á kennitölu hans.

Vakin er athygli á að árið sem 16 ára aldri er náð verður skattskylda eins og hjá fullorðnum og þarf launþegi að ráðstafa persónuafslætti til vinnuveitanda.


Ráðstöfun persónuafsláttar er á ábyrgð launþega

Íþróttamannvirki Bláskógabyggðar
Laugarvatni
S. 480 3041

Opnunartímar

Sundlaug	Preksalur
Mánudag - Miðvikudags: 13:00 - 21:00	Mánudag - Fimmtudags: 10:00 - 22:00
Fimmtudaga: 15:00-21:00	Föstudaga : 10:00 - 18:00
Föstudaga, Laugardaga & Sunnudaga 13:00 - 18:00	Laugardaga & Sunnudaga 13:00 - 18:00

Velkomin á Laugarvatn



Ökukennsla

B-réttindi , kerrupróf og akstursmat

María Carmen Magnúsdóttir Laugarvatni

Sími 895 1978 Tölvupóstfang emmcemm@gmail.com